

Allsherjarnefnd
b/t Elínar V. Þorsteinsdóttur
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. nóvember 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 19/1991, með síðari breytingum, (20. mál).

Viðskiptaráð þakkar fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér tímabundið ákvæði í lög um meðferð einkamála vegna flýtimeðferðar mála um gengistryggð lán.

Mjög mikilvægt er fyrir heimilin í landinu, atvinnulífið og samfélagið sem heild að fá úrlausn skuldavanda sem fyrst. Þegar sátt hefur náðst um úrlausn þessara mála verður stigið stórt skref í átt að endurreisn. Á mörgum vígstöðvum er unnið að því að leysa þann ágreining sem er uppi vegna skuldamála og er það sameiginleg von allra sem að málinu komi að það megi gerast með skjótum hætti.

Meðal ágreinings sem er uppi er vegna gengistryggðra lána banka og lánafyrirtækja. Dómar hafa fallið og raddir háværar sem krefjast almennra aðgerða til að leysa úr þessum vanda. Boðað hefur verið frumvarp sem leysa á þau helstu vandamál er varða þessi lán og um leið að vera tilraun til að leysa frekari ágreining.

Takist þetta, verður að spyrja hvort þörf sé fyrir sértækar aðgerðir eins og ofangreint frumvarp felur í sér. Með almennum aðgerðum vegna gengistryggðra lána eins og boðaðar hafa verið má vonandi girða fyrir flest af þeim málaferlum sem von er á. Þau ágreiningsmál sem standa eftir fara þó væntanlega fyrir dómstóla en með vel heppnuðum aðgerðum verða það færri mál en ella.

Ákvæði frumvarpsins um að aðeins sé um tímabundna aðgerð sé að ræða er jákvæð í ljósi þess vanda sem það er ætlað að leysa. Um er að ræða mjög ákveðin mál sem þarf að leysa með sem sneggstum og bestum hætti, ekki er ástæða til að ákvæði sem þetta vari lengur.

Um leið verður að varpa fram þeirri spurning hvort ekki megi meta svo að úrræði sem þetta eigi að ná til allra skuldaúrlausnamála en ekki vera einskorðað við gengistryggð lán. Mun fleiri mál vegna skuldaúrlausnar bíða niðurstöðu dómstóla en aðeins þau er varða fyrrgreind lán. Rík ástæða er til að koma sem flestum málum varðandi skuldaúrlausn til úrlausnar með markvissum hætti eða að á þeim sé tekið með almennum aðgerðum. Vert er að skoða hvort ástæða sé til að setja tímabundið ákvæði sem kveður á um flýtimeðferð allra skuldaúrlausnarmála.

Einnig verður að benda á í þessu samhengi ítrekaðar tilraunir Viðskiptaráðs til að fá hafna vinnu við endurskoðun á lögum um gerðardóm. Með virkari gerðardómi hérlendis má verulega létta á því álagi sem hvílir á dómstólum landsins þegar kemur að einkaréttarlegum ágreiningi. Vilji ráðsins til samstarfs við slíka endurskoðun er áréttáður hér.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands